

Vinnustofa vegna IX. kafla sveitarstjórnarlaga

Tilgangur vinnustofu:

Umfangsmikil vinna hefur farið fram á vegum innviðaráðuneytisins á undanförunum misserum vegna endurskoðunar ráðuneytisins á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Sú vinna hefur farið fram í ákveðnum fösum og nú er undirbúningur hafinn við endurskoðun á IX. kafla sveitarstjórnarlaga um *samvinnu sveitarfélaga og samninga um starfrækslu verkefna*.

Fyrirhugað er að leggja fram á Alþingi frumvarp með breytingum á lögnum í haust. Innviðaráðuneytið hefur leitast eftir afstöðu sveitarfélaganna til núverandi ákvæða kaflans áður en drög að frumvarpi verður lagt fyrir í samráðsgátt stjórnvalda. Til þess að ná þeim sjónarmiðum fram hefur verið ákveðið að halda vinnustofur í hverjum landshluta, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga. Tilgangur vinnustofanna er að eiga samráð við sveitarstjórnarfólk um land allt og fá efnivið fyrir ráðuneytið til að vinna áfram og í framhaldinu móta tillögur til breytinga á IX. kafla sveitarstjórnarlaga.

Fyrirkomulag vinnustofu:

Hvar: 33. Ársþing SSNV

Hvenær: 9.apríl

Hverjir:

Óskað er eftir virkri þátttöku kjörinna fulltrúa, framkvæmdastjóra sveitarfélaga, framkvæmdastjóra/ stjórnenda samstarfsverkefna sveitarfélaga í landshlutanum, framkvæmdastjóra og starfsmanna landshlutasamtaka og eftir atvikum annarra sem eiga erindi á vinnustofuna.

Undirbúningsgögn:

[IX. kafli sveitarstjórnarlaga](#) -nánar tiltekið 92.-97.gr. Þátttakendur eru beðnir um að rýna ákvæðin með tilliti til þess sem hefur reynst vel og hvað hefur reynst hindrun í framkvæmd samstarfsverkefna og verkefna landshlutasamtaka.

Skýrsla innviðaráðuneytisins: „[Landshlutasamtök sveitarfélaga: Staða og hlutverk](#)“ frá nóvember 2020.

Vinnulag:

I. Upphaf

Í upphafi verður farið yfir tilgang vinnustofu, vinnulag og ísbrjót.

II. Vinnulota 1: Hindranaveggur

Þátttakendur eru beðnir um að skrifa niður atriði sem þeir telja vera hindrun í samstarfi sveitarfélaga þegar kemur að núverandi lagaumhverfi og staðbundnum aðstæðum.

Hindranirnar verða því næst flokkaðar í 5 flokka:

1. Samstarf sveitarfélaga (92. gr. svstjl.)
2. Byggðasamlög (94. og 95. gr. svstjl.)
3. Leiðandi sveitarfélög (96. gr. svstjl.)
4. Landshlutasamtök (97. gr. og 97. gr. a svstjl.)
5. Mannlegar hindranir (hindranir sem leiða ekki beint af lögunum)

Mannlegu hindranirnar eru teknar til hliðar og unnið verður áfram með þær síðar.

III. Vinnulota 2: Lausnaleit

Næsta skref er lausnaleit á þeim hindrunum sem komu fram í vinnulotu 1.

IV. Vinnulota 3: Hraðstefnumót

Í lok vinnustofunnar vinnum við með mannlegar hindranir og leitum lausna við þeim.